

Yfirlýsing milli landeiganda og Orkufjarskipta um heimild til lagningar á ljóslögn

Undirritaðir aðilar þinglýstir eigendur jarðarinnar, Ásólfstaðir 2 (Skallakkot) , L166539, Skeiða- og Gnúpverjahreppi veita Orkufjarskiptum hf., kt. 561000-3520, heimild til að leggja ljóslögn um land framangreindrar jarðar samanber meðfylgjandi loftmynd, þar sem lega lagnarinnar kemur fram í megindrátum og aðilar hafa kynnt sér og samþykkt. Ljóslögn er strengur og eða rör með innri einingum, sem nota má seinna til að koma í veg fyrir frekara jarðrask. Einnig fylgir heimildinni aðgangur til að framkvæma nauðsynlegt eftirlit og viðhald á lögninni.

Ef óskað verður eftir staðsetningu á lögninni munu Orkufjarskipti láta staðsetja hana á sinn kostnað.

Ef eigandi eða umráðamaður jarðar hyggur á jarðrask í nálægð við lögn (einn metri frá miðju lagnar til hvorrar hliðar) skal hann láta Orkufjarskipti vita af fyrirhuguðum framkvæmdum, sem munu þá staðsetja lögnina og gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru eiganda jarðar að kostnaðarlausu.

Landeiganda er heimilt að nýta yfirborð lands á helgunarsvæði strengsins til ræktunar og ekki þarf að láta Orkufjarskipti vita af yfirborðsvinnu jarðvegs vegna ræktunar þar sem strengurinn liggur á 80 -100 cm. dýpi.

Að framkvæmdum loknum munu Orkufjarskipti hf. lagfæra jarðrask og sá í gróðursár ef við á. Að öðru leyti gilda íslensk lög og reglur um yfirlýsingu þessa.

Heimildarskjali þessu má þinglýsa á jörðina.

Staður: Kópavogur Dags: 6. okt 2021

Eigandi/eigendur og kennitala:

F.h. Skallakots Marta Þirdard 110980-3459

Staður: Reykjavík Dags: 12.10.2021

F.h. Orkufjarskipta hf.

Bjarni Hjónsson

Vottar að réttu undirskrift og dagsetningu:

Nafn og kennitala: Hrefna Friðriksd. 140383-8549

Nafn og kennitala: Björgvin Þorðsson 211273-3059